

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



1. apríl 2019

Umsögn Arnarlax vegna breytinga á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi.

Arnarlax tekur undir umsögn SFS og vill koma eftirfarandi á framfæri.

1. Í 22. gr. er fjallað um niðurfellingar á umsóknum á hafsvæðum þar sem ekki sé búið að burðarþolsmeta svæði. Fyrirtæki sem nú þegar eru búin að tilkynna um framkvæmd á svæðum sem ekki er búið að burðarþolsmeta gerðu það í þeirri trú að svæðin yrðu burðarþolsmetin enda fordæmi fyrir því að eldi í sjó hafi verið stundað á svæðum sem ekki var búið að burðarþolsmeta. Í sumum tilfellum er búið að fjárfesta töluvert í undirbúningsvinnu og rannsóknum og í einhverjum tilfellum er formlegt umhverfismatsferli þegar hafið samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Því væri eðlilegt að tekið sé tillit til þess þegar úthluta á leyfum á þeim eldissvæðum enda var farið af stað í þessa vegferð á grunvelli gildandi laga.
2. Mikilvægt er að ef burðarþol einstakra fjarða er aukið muni sú aukning nýttast fyrirtækjum sem þegar hafa rekstarleyfi í þeim fjörðum á sama hátt og ef dregið verður úr burðarþoli einstakra fjarða. Sama á við um áhættumat Hafrannsóknarstofnunar. Þannig verður hægt að stuðla betur að líffræðilegum stöðuleika og auka fyrirsjáanleika í rekstri eldisfyrirtækja.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á 20. gr. laganna sem fjalla meðal annars um árlegt gjald fyrir framleitt tonn í sjókvíum. (19. gr.) Þar er gert ráð fyrir að greitt sé 20 SDR fyrir hvert framleitt tonn en rekstarleyfishafar sem framleiða ófrjóan lax, regnbogasilung eða notist við lokaðan eldisbúnað skuli greiða 10 SDR fyrir hvert framleitt tonn. Gjaldið hefur runnið í umhverfissjóð sjókvíaeldis sem hefur meðal annars að meginmarkmiði að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Lægra gjald fyrir ófrjóan lax, regnboga eða framleiðslu úr lokuðum eldisbúnaði er væntanlega hugsað til að ýta undir framleiðslu á ófrjóum laxi, regnbogasilung eða notkun á lokuðum eldisbúnaði með það að markmiði að minnka umhverfisáhrif. Í anda þess væri því eðlilegt að rekstarleyfishafar sem framleiða

umhverfissvottaðan lax í sjókvíum greiddu sama gjald og rekstarleyfishafar sem framleiða ófrjóan lax, regnboga eða notast við lokaðan eldisbúnað. Viðurkenndar umhverfissvottanir draga úr umhverfisáhrifum og eru í samræmi við markmið um fiskeldi verði byggt upp í sátt við umhverfið og geta styrkt ímynd greinarinnar.

4. Í 14. gr. er fjallað um að landeldisstöðvar skuli starfrækja gæðakerfi sem hluta af innra eftirliti en að stöðvar undir 20 tonna rekstarleyfi skuli undanþegnar þessu ákvæði. Ekki er ljóst hvers vegna er þörf á því að undanskilja stöðvar sem framleiða undir 20 tonnum. Eðlilegra væri að öllum landeldisstöðvum verði gert að vera með gæðakerfi.

Mikilvægt er að allir rekstarleyfishafar sem starfrækja sjókvíaeldi eða landeldisstöðvar starfræki gæðakerfi. Þannig má minnka líkur að sjúkdómar berist í náttúrulega stofna eða í aðrar eldisstöðvar og eðlilegt að krafa um virkt gæðakerfi eigi þannig við um alla rekstarleyfishafa. Sjúkdómar og sýkingar geta borist úr litlum stöðvum í náttúrulega stofna eða í aðrar stöðvar. Sem dæmi má nefna að nýrnaveiki (Bacterial Kidney Disease) hefur verið útbreidd á Íslandi og flestar landeldisstöðvar glímt við þessa bakteríusýkingu. Það að skylda alla rekstarleyfishafa til að starfrækja gæðakerfi væri þannig í samræmi við markmið lagana en í greinargerð sem fylgir frumvarpinu segir

„Lagt er til með frumvarpinu að sett verði sérstök ákvæði um innra eftirlit fiskeldisstöðva en níverandi ákvæði sama efnis standa í 42.–44. gr. reglugerðar nr. 1170/2015, um fiskeldi. Með þeim er mælt fyrir um að rekstrarleyfishafi skuli almennt hafa eftirlit með starfsumhverfinu, þ.m.t. eldi eldisdýra, heilbrigði þeirra, mannvirkjum og búnaði. Rekstrarleyfishafi sjókvíaeldisstöðvar skal þannig starfrækja innra eftirlit sem felur í sér vöktun á tilteknum þáttum og setja sér verklagsreglur og halda gæðahandbók. Jafnframt er lagt til að sett verði í lög sérstakt ákvæði um innra eftirlit með laxahlús. Með nýju almennu lagaákvæði um innra eftirlit er Matvælastofnun jafnframt heimilað að draga úr tíðni eftirlitsheimsókna hjá rekstrarleyfishöfum sem hafa vottun frá faggiltum aðila um að innra eftirlit þeirra uppfylli allar lagakröfur. Jafnframt er gerð sú krafa að frávík við eftirlit Matvælastofnunar sé innan ásættanlegra marka. Öflugt innra eftirlit á að tryggja að starfsemin sé í lagi og uppfylli settar kröfur. Með þessu eru forsendur til að byggja upp áhættumiðað eftirlit með fiskeldi sem þýðir að fiskeldisfyrirtæki sem hafa sinn rekstur í lagi og starfa í samræmi við kröfur laga og stjórnvaldsfyrirmæla fá færri eftirlitsheimsóknir en þau sem ekki uppfylla kröfurnar“

Virðingarfyllst,

f.h. Arnarlax ehf.

Þorsteinn Másson